

A 1725/tillväxt

Flytjandi	Flokkahópur miðjumanna
Afgreiðsla	Norræna hagvaxtar- og þróunarnefndin

Þingmannatillaga um skilvirka gagnaflutninga fyrir alla íbúa Norðurlanda

Tillaga

Flokkahópur miðjumanna leggur til að

Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að þróa sameiginleg markmið um uppbyggingu innviða fyrir Internet;

að þróa samstarf við netþjónustufyrirtæki og símafyrirtæki sem rekin eru af sveitarfélögum og einkaaðilum, bæði landsbundin fyrirtæki og þau sem starfa yfir landamæri, til að tryggja öllum aðgang að Interneti óháð búsetu;

að eiga samstarf um að fjármagna skjóta uppbyggingu gagnaflutnings í strjálbýli á Norðurlöndum.

Forsaga

Stafræn þróun er gríðarlega hröð og snertir alla starfsemi fyrirtækja. Við lifum á tímum stafrænnar byltingar. Yfirvöld eru stöðugt að þróa nýjar þjónustuleiðir fyrir almenning. Í síauknum mæli er gert ráð fyrir því að fólk leggi inn umsóknir, skili skattskýrslum og sendi fyrirspurnir rafrænt gegnum netið. Aðrar stofnanir samfélagsins, svo sem á sviðum heilbrigðismála, öldrunarþjónustu og menntunar, nýta sér í æ meiri mæli stafræna möguleika til aukinnar þekkingar og til að bæta hag einstaklinga. Í atvinnu- og viðskiptalífinu hafa fylgifiðskar stafrænnar þróunar verið vöruþróun, aukin skilvirkni og bætt starfsumhverfi. Möguleikar til þekkingaröflunar og framþróunar eru nánast ótakmarkaðir, þökk sé stafrænni þróun.

Enn sem komið er njóta þó ekki allir Norðurlandabúar jafns aðgengis að þessum nýja heimi. Á þéttbýlum svæðum er hörð samkeppni milli netþjónustufyrirtækja sem ýmist eru rekin af hinu opinbera eða einkaaðilum og sem keppast um að bjóða afkastamiklar ljósleiðaratengingar á sem bestum kjörum. Tengingar í dreifbýli og strjálbýli hafa aftur á móti reynst mörgum áskorun. Í Svíþjóð hafa sum sveitarfélög dregist langt aftur úr í stafrænni þróun, og aðeins helmingur sveitarfélaga þar í landi mun koma til með að ná settu landsmarkmiði Svía um nettengingu upp á 100 megabæti á sekúndu fyrir 95% allra heimila og fyrirtækja árið 2020. Aðeins fáeinum árum síðar er stefnt að því að 98% heimila og fyrirtækja í Svíþjóð hafi aðgang að einu



gígabæti á sekúndu, samkvæmt stefnu sænsku ríkisstjórnarinnar í breiðbandsmálum. Þær prósentur sem út af standa eru að sjálfsögðu heimili og fyrirtæki á strjálbýlum svæðum. Hér má nefna að Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins hefur sett það markmið að eigi síðar en 2020 hafi ALLIR Evrópubúar aðgang að internettengingu með hraða yfir 30 megabæti á sekúndu.

Netþjónustufyrirtæki, hvort sem þau eru rekin af hinu opinbera eða einkaaðilum, eru háð fjárhagslegum stuðningi um það að ljúka uppbyggingu breiðbands til strjálbýlla svæða. Engin lausn felst í því að krefja íbúa hinna strjálbýlu svæða um að borga brúsann. Aðeins hið opinbera getur axlað ábyrgð á þessum framkvæmdum. Allir eiga jafnan rétt á skilvirkri breiðbandstengingu, óháð búsetu. Traust breiðbandstenging er einnig forsenda þess að tryggja hátt atvinnustig, öryggi og lífsgæði íbúa. Skorti á stafrænum möguleikum fylgir hætta á dreifbýlisflótta og aukinni borgavæðingu.

Það sem lýst er hér að ofan á síður en svo bara við um Svíþjóð. Í öllum norrænu ríkjum auk Álandseyja, Færeyja og Grænlands eru strjálbýl svæði með sömu þarfir. Því er mikilvægt að stafrænir möguleikar verði fyrir hendi á öllum svæðum Norðurlanda. Vitað er að þróun útvarpsmerkja getur stutt við gagnaflutning á mestu jaðarsvæðunum.

Við Norðurlandabúar beitum okkur fyrir því að afnema stjórnsýsluhindranir og stefnum að landamæralausum Norðurlöndum. En þegar kemur að uppbyggingu ljósleiðarakerfis og aðgangi að Interneti eru landamæri látin ráða för. Við teljum að samstarf um skilvirka gagnaflutninga fyrir alla íbúa Norðurlanda hafi sama vægi og samstarf um sameiginlegt raforkudreifikerfi. Stafræn þróun á Norðurlöndum má ekki stranda á skorti á fjármagni. Ráðherranefndin ætti því að eiga samstarf um að fjármagna skjóta uppbyggingu gagnaflutnings fyrir alla íbúa Norðurlanda.

Stokkhólmi, 3. apríl 2017

Axel Jonsson (ÁF)
Britt Lundberg (ÁC)
Elsi Katainen (cent)
Jan Lindholm (MP)
Jenis av Rana (Mfl.)
Katri Kulmuni (cent)
Lars Tysklind (L)

Marcus Knuth (V)
Mikael Staffas (Lib)
Per-Olaf Lundteigen (Sp)
Rigmor Andersen Eide (KrF)
Ruth Vang (Framsókn)
Sigurður Ingi Jóhannsson (F)
Staffan Danielsson (C)